

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 20/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn⁽²⁾ sem kemur í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE⁽³⁾ um bandalagsreglur um aðstoð við stáliðnaðinn sem féll úr gildi 31. desember 1996.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE var tekin upp í EES- samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 skal tekin upp í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 4. 6. 1998, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 4. 6. 1998, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 42.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 362, 31. 12. 1991, bls. 57.

Í stað liðar 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE) í XV. viðauka við samninginn komi:

- 1a. **396 S 2496:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn (Stjtið. EB nr. L 338, 28. 12. 1996, bls. 42).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) hugtakið „framkvæmdastjórn“ lesist sem „þar til bær eftirlitsstofnun eins og hún er skilgreind í 62. gr. EES-samningsins“;
- b) hugtakið „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði“ lesist sem „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins“;
- c) í 2. gr. bætist við eftirfarandi: „eða, ef EFTA-ríki á í hlut, 14. kafli í Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp af Eftirlitsstofnun EFTA 15. maí 1996⁽¹⁾“;
- d) í 3. gr. bætist við eftirfarandi: „eða, ef EFTA-ríki á í hlut, 15. kafli í Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994⁽³⁾, í samræmi við skilyrði fyrir beitingu þeirra gagnvart stáliðnaði EB, og sambærilegum iðnaði í EFTA-ríkjunum, sem fjallað er um í viðauka við þessa ákvörðun“;
- e) í viðauka við ákvörðunina lesist „leiðbeiningar bandalagsins um ríkisaðstoð“ sem „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994“;
- f) fyrsti málslíður 1. mgr. 4. gr. lesist „aðstoð vegna greiðslna til starfsmanna í stálfyrirtækjum EB og sambærilegum fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum sem sagt er upp störfum vegna samdráttar í rekstri eða sem fallast á snemmbær eftirlaun getur talist samrýmast sameiginlega markaðinum að því tilskildu að: “;
- g) í c-lið 1. mgr. 4. gr. bætist við eftirfarandi: “eða, ef um er að ræða EFTA-ríki að aðstoðin í hlutfalli við greiðslurnar verði ekki meiri en stálfyrirtæki í EB fengi við svipaðar aðstæður“;

⁽¹⁾ Ákvæði 3. og 4. mgr. í lið 14.5.3 í Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar um rannsóknarverkefni sem samrýmist markmiðum sérstaks verkefnis eða áætlunar sem er hluti af gildandi rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir og tækniþróun gilda einnig um aðstoð vegna rannsóknarverkefnis sem er hluti af verkefni eða áætlun KSE á sviði rannsókna og tækniþróunar í tengslum við stál.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 245, 26. 9. 1996, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1.

- h) í 1. mgr. 6. gr. skal „samkvæmt EB-sáttmálanum” hljóða „samkvæmt EB-sáttmálanum eða samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“;
- i) í 4. og 5. mgr. 6. gr. skal „88. gr. sáttmála KSE” hljóða „88. gr. sáttmála KSE og tilsvareandi málsmæðferð samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

